

**Sþ.**

**62. Tillaga til þingsályktunar**

[60. mál]

um að flýta uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins.

Flm.: Ingi Tryggvason, Tómas Árnason, Gunnlaugur Finnsson,  
Pálmi Jónsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Páll Pétursson,  
Sverrir Hermannsson, Jón G. Sólnes.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um kostnað við uppbyggingu þjóðvegakerfisins í hinum snjóþyngri héruðum landsins með það fyrir augum að þjóðvegir um byggðir verði gerðir vetrarfærir á næstu 4—6 árum. Kostnaður við þetta verkefni verði greiddur af Vegasjóði og fjár til þess aflað með erlendum eða innlendum lántökum, ef þörf krefur, samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis síðar.

**Greinargerð.**

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að því stefnt að Alþingi lýsi vilja sínum um framkvæmd ákveðins verkefnis í samgöngumálum, uppbyggingu þjóðvega í hinum snjóþyngri landshlutum. Það er skoðun flutningsmanna að við liggja þjóðarsómi, að sem fyrst verði svo frá gengið að vegir um byggðir landsins og aðalleiðir milli byggðarlaga verði færir ökutækjum allan ársins hring án þess að stórfé þurfi að verja til snjómoksturs. Til að svo megi verða þarf að hækka vegina og byggja þá upp með tilliti til vetrarumferðar, en þá mun líka undir flestum kringumstæðum lítið kosta að halda vegunum opnum í venjulegri vetrarveðráttu.

Engum dylst, sem um landið fer, að stórvirki hefur verið unnið í vegamálum á undanfórnum árum. Umhverfis Reykjavík, um Suðurnes og austur í Árnessýslu eru komnir vegir með bundnu slitlagi, sannkallað yndi ökumanna. Annars staðar eru myndarlega uppbyggðir malarvegir, að vísu misjafnlega jafnir eða ójafnir, háðir duttlungum veðurguða og veghefla, en lengstum færir á veturnum og þarf litlu til að kosta að hreinsa af þeim snjó eftir hriðarbylji.

En svo koma aðrir vegir jafnlágir umhverfi sínu, jafnvel niðurgrafnir, ef til vill gamlar kerruslóðir, byggðir af vanefnum í upphafi, óhæfir til að gegna hlutverki sínu í nútímaþjóðfélagi, fara á kaf í fyrstu snjóum og verður ekki haldið opnum nema með ærnum tilkostnaði. Þessa vegi þarf að endurbyggja, koma þeim upp úr snjónum, og þetta þarf að gera strax. Þetta verkefni hlýtur að hafa forgang í íslenskrum vegagerð, þessi fullnæging frumþarfa í samgöngumálum. Hér er þó aðeins lagt til að áætlun sé gerð um framkvæmd þessa verks, kostnaðaráætlun og fjáröflun. Miðað sé við að ljúka verkinu á næstu 4—6 árum. Það er trú flutningsmanna að áfram verði unnið myndarlega að uppbyggingu þjóðvegakerfisins, en sérstakt átak þurfi til þess að umræddum áfanga verði náð innan skamms.